



Viðmiðunarreglur um námsleyfi lækna júní 2023

1. Heimildir til námsferða

- 1.1. Heimilt er að greiða læknum með sérfræðileyfi kostnað við námsferðir í 15 almanaksdaga árlaga miðað við 100% starf og hlutfallslega fyrir hlutastarf.
- 1.2. Að hámarki safnast upp réttur til 30 daga námsleyfa. Það sem umfram er fellur niður.
- 1.3. Læknar geta nýtt sér námsleyfisrétt sinn til að kynna sér starfsemi sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva eða annarra heilbrigðisstofnana.
- 1.4. Námsferðir skulu beinast að læknisfræðilegum viðfangsefnum og til þess ætlaðar að auka þekkingu og hæfni lækna í starfi sínu.

2. Kostnaður við námsferðir

- 2.1. Hámarksgreiðsla fyrir þáttökugjald er almennt SDR 975 fyrir fullt starf og hlutfallslega fyrir hlutastarf. Hámarksgreiðsla er 1.300 SDR ef greiða þarf sérstaklega fyrir þáttöku í vinnustofum á viðkomandi ráðstefnu. Forstöðumaður þarf að samþykka hækkað þáttökugjald fyrirfram á grundvelli upplýsinga um viðkomandi ráðstefnu. Forstöðumaður getur samþykkt að greiða þáttökugjald vegna fleiri en einnar ferðar ef samanlagður kostnaður fer ekki yfir hámarksgreiðslu. Ónotaður réttur flýst ekki milli ára og fellur því niður sé hann ekki nýttur.
- 2.2. Hámarksgreiðsla fyrir fargjöld er 190.000 kr. á ári fyrir fullt starf og hlutfallslega fyrir hlutastarf. Forstöðumaður getur samþykkt að greiða fargjöld fyrir fleiri en eina ferð á ári ef heildarkostnaður fer ekki yfir hámarksgreiðslu. Ónotaður réttur til fargjalds flýst ekki milli ára og fellur því niður sé hann ekki nýttur. Greiða skal lægstu fargjöld nema ef gildar ástæður eru til annars. Ekki er heimilt að greiða fargjald læknis sem ferðast á frímiða. Læknar í hlutastarfi geta ekki flutt rétt milli ára og safnað upp í fullt fargjald.
- 2.3. Dagpeningar eru greiddir í samræmi við reglur um ferðakostnað vegna ferða á vegum ríkisins. Eru þeir greiddir fyrir þá daga sem námskeið, fundur eða fræðsla stendur yfir og tvo ferðadaga. Greiða má þennan kostnað vegna allt að 15 daga á ári eða 30 daga annað hvert ár. Ef sýnt er að ferðir til og frá áfangastað taka lengri tíma en tvo daga skal taka tillit til þess við ákvörðun ferðakostnaðar. Allar greiðslur frá utanaðkomandi aðilum vegna námsferðar skal draga frá greiðslum samkvæmt þessum reglum.
- 2.4. Læknar sem þurfa að fljúga innanlands til að nýta sér námsrétt sinn erlendis eiga rétt á greiðslu ódýrasta fargjalds í innanlandsflugi, gegn framvísun farseðils.
- 2.5. Óheimilt er að breyta rétti til dagpeninga í fargjald eða námskeiðsgjald.

3. Umsóknir og greinargerðir um námsferðir.

- 3.1. Sækja skal um námsleyfi til forstöðumanns stofnunar á þar til gerðu eyðublaði, að jafnaði einum mánuði fyrir áætlað námsleyfi. Með umsókn um námsferð skal fylgja greinargerð um tilgang og skipulag ferðarinnar, þ.e. afrit af útgefinni dagskrá námskeiðs og fullgild staðfesting á að viðkomandi læknir sé meðal þátttakenda eða staðfesting frá yfirmanni stofnunar sem fræðsla er sótt til um tímabil sem viðkomandi læknir nýtur fræðslu þar.
- 3.2. Að námsleyfi loknu fær læknir ferðareikning til undirritunar og skal honum skilað undirrituðum innan mánaðar frá heimkomu ásamt farseðli og frumriti af reikningi fyrir námskeiðsgjaldi. Læknar skulu gera grein fyrir árangri námsferðar í skýrslu til yfirlæknis og stjórnar.

4. Læknar án sérfræðileyfis

- 4.1. Samkvæmt kjarasamningi öðlast læknir án sérfræðileyfis rétt til 7 daga námsferða eftir árs starf á sömu deild og skal ferðin tengjast rannsóknar- eða vísindaverkefni sem viðkomandi vinnur að. Einnig skal leita umsagnar yfirlæknis viðkomandi stofnunar áður en leyfi til slíkrar ferðar er veitt.
- 4.2. Hafi læknir með sérfræðileyfi unnið a.m.k. 2 ár í stöðu læknis án sérfræðileyfis, á hann sama rétt til námsferða og læknir með sérfræðileyfi.

5. Endurskoðun fjárhæða

- 5.1 Fjárhæðir skv. lið 2.1 og 2.2 miðast við vísitölur í október 2022 og gilda fyrir árið 2023. Þær verða endurskoðaðar árlega í upphafi hvers árs miðað við vísitölu í október fyrra árs. Ef vísitala leiðir til lækkunar á upphæðinni þá helst upphæðin óbreytt það ár og hækkar ekki fyrir en vísitalan hækkar umfram það sem hún var fyrir lækkun.

- 5.2 Breytingin skv. lið 2.1 tekur mið af verðlagsþróun í Bandaríkjunum (60%) og Evrópu (40%).

https://www.bls.gov/data/inflation_calculator.htm

https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/product/view/PRC_HICP_MIDX

- 5.3 Breyting skv. lið 2.2 tekur mið af undirvísitölu neysliverðs fyrir flugfargjöld til útlanda (nr. 07332 skv. vef Hagstofunnar).

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur_visitolar_1_vnv_2_undirvisitolar/VIS01304.px/table/tableViewLayout2/

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra,
29. júní 2023.


Sigurður Kári Arnason


Runólfur Birgir Leifsson